

## Fundargerð

Dags. fundar: 11.2.2021	Staðsetning: Teams	Fundur settur: 14:00
Fundarboðari: AÚ	Fundarritari: AU	Fundi slitið: 14:40

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
X	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
X	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
X	Hjalti Jóhannesson	RHA
X	Eyþór Stefánsson	Austurbrú

### Efni / dagskrá:

Ársfundur 2021

- Með hvaða sniði á fundurinn að vera?** Fundarmenn voru sammála um að sniðið á fundinum (staðarfundur/fjarfundur) yrði ekki ákveðið alveg strax. Eins og staðan er í dag þá líta sóttvarnarmál vel út, en þarf ekki mikið að gerast til að færa þurfi fundinn á netið.
- Dagsetning:** Skv. samningi á fundurinn að vera haldinn fyrir lok fyrstu viku í maí og tillaga að dagsetningu fyrir fundinn er 27. apríl.
- Efni fundar:** Hugmyndir voru ræddar um hvort beina ætti sjónum að loftslagsmálum í efni fundar eða endurvekja fundarefnið jafnréttismál sem fyrirhugað var að taka fyrir 2020 en sá fundur féll niður vegna heimsfaraldurs. Ákveðið var að vinna með fundarefnið jafnréttismál og horfa á það í víðum skilningi.
- Áhugaverð innlegg í dagskrá:** Rætt var um dagskrárhugmyndir og dregin fram dagskrárdrög sem voru í vinnslu vegna ársfundar 2020. Til viðbótar þeim hugmyndum sem voru í skoðun 2020 var rætt um að að taka tillit til nýlegrar umræðu og breytinga á viðhorfum varðandi mörg kyn. Ákveðið var að kanna möguleika á að fá sömu fyrirlesara og fyrirhugað var að fá innlegg frá 2020 og skoða að fá til viðbótar innlegg frá t.d. Hinsegin Austurlandi eða öðrum talsmönnum jafnréttis óháð kyni.
- ES, AÚ og GÁJ kanna með gestafyrirlesara sem rætt var um á fundinum og DÝS og ÁÓ móta drög að því hvaða vinkil fyrirtækin vilja taka á jafnréttismálum í sínum innleggjum á fundinum

Ákveðið að var að funda aftur þann 25.02 til að ákveða nánari dagskrá og fyrirkomulag ársfundar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.